

Áveitan

5. tbl. 6. árgangur. Maí 2012



Leikjanámskeið

Ungmennafélögin í Flóahreppi munu standa fyrir leikjanámskeiði fyrir 6-12 ára börn í byrjun júní líkt og undanfarin ár.

Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Frjálsíþróttæfingar sumarið 2012

Samhygð og Vaka standa fyrir frjálsíþróttæfingum í sumar. Þær verða á íþróttavellinum við Þjorsárver og er þjálfari Tómas Karl Guðsteinsson.

Æfingarnar verða á þriðjudögum og standa frá kl 19 – 20.

Fyrsta útiæfingin verður þann 22. maí næstkomandi.

Með von um að sjá sem flesta

Þjálfari.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason

Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

Ágætu lesendur– gleðilegt sumar

Vakin er athygli á því að næsta tölublað Áveitunnar mun koma út í fyrra fallinu vegna sveitahátíðarinnar okkar Fjör í Flóa sem haldin verður 1.-3. júní. Þess vegna þarf okkur að hafa borist allt efni í blaðið í síðasta lagi mánudaginn 28. maí.

Bestu kveðjur, ritstjórn

Frá sveitarstjóra

Gleðilegt sumar kæru Áveitulesendur.

Megi sumarið færa ykkur sól í heiði og sól í sinni.

Ilmurinn af mykjunni sem borin hefur verið á tún bænda leggur yfir Suðurlandið og er einn vorboðum okkar sunnlendinga.

Farfuglarnir eru flestir komnir og hreiðurgerð hafin með tilheyrandi athafnasemi.

Nú er tími ársuppgjöra hjá sveitarfélögum og það er ánægjulegt að segja frá því að ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2011 hefur verið afgreiddur.

Ársreikningurinn var samþykktur 4. apríl s.l. að loknum tveimur umræðum og var rekstrarniðurstaða jákvæð um tæplega 25 milljónir.

Rekstur sveitarfélagsins skiptist í A og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum eða Aðalsjóður og Eignasjóður.

Til B hluta teljast fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins sem ætlað er að vera fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi Flóahrepps eru vatnsveita og leiguíbúðir. Í samanlögðum A og B hluta eru niðurstöðutölur eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrartekjur	431.009
Rekstargjöld	401.570
Fjármagnsgjöld	4.664
Rekstrarniðurstaða	24.775
Eigið fé	444.385
Skuldir	143.662

Ársreikningur er í heild sinni á heimasíðu Flóahrepps. Þeir sem hafa áhuga á að fá hann í prentuðu formi geta nálgast eintak á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.

Skólastjóri

Flóahreppur hefur auglýst eftir skólastjóra til afleysinga en Kristín sem sinnt hefur starfinu frá því 2004 hefur ákveðið að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi. Það er alltaf missir af góðu starfsfólki og Kristín hefur átt veg og vanda að því öflugra starfi og þeirri jákvæðu ímynd sem Flóaskóli hefur öðlast enda verið mjög góður stjórnandi í góðum tengslum við nemendur, starfsfólk skólans, fræðslunefnd, sveitarstjórn svo og samfélagið allt.

Það er ekki bara Kristín sem er að fara í leyfi frá störfum á vegum sveitarfélagsins heldur einnig eiginmaður hennar, hann Jeff sem verið hefur matráður við leikskólann Krakkaborg og sinnt því starfi með miklum ágætum. Hans verður einnig saknað af þeim sem notið hafa frábærrar matreiðslu hans.

Þau Kristín og Jeff hafa fengið leyfi til eins árs og er þeim óskað velgengni á nýjum vettvangi. Tíminn leiðir svo í ljós hvort þau snúi til baka þegar leyfi þeirra lýkur.

Vorhreinunarátak

Gámar fyrir járn og grófan úrgang verða staðsettir við Félagslund og í Heiðargerði dagana 3. – 14. maí vegna vorhreinunarátaks.

Hægt er að semja um að fá járnagám heim að bæ ef um er að ræða mikið magn af brotajárni.

Afréttakort

Kort af afréttinum milli Þjórsár og Hvítár er enn fáanlegt og er til sölu á skrifstofu Flóahrepps á kostnaðarverði, 500 kr. pr/stk. Því miður er posi ekki til á staðnum og áhugasömum því bent á að taka með sér seðil eða klink.

Rotþróahreinsun

Hreinsað verður úr rotþróum við íbúðarhús í Flóahreppi á næstu vikum.

Reiknað er með að vinna við losun hefjist í byrjun maí og stefnt er að því að losa allar þrær fyrir miðjan júní. Byrjað verður á íbúðarhúsum við Gaulverjabæjarveg, farið eftir ströndinni og niður fyrrum Villingaholtshrepp og endað í fyrrum Hraungerðishreppi.

Íbúar eru beðnir um að tryggja gott aðgengi að rotþróum og að hafa alla stúta í lagi.

Fjör í Flóa 1.-3. júní 2012

Dagskrá: Opnun vegar að flóðgátt, kaffi og myndasýning á eftir. Morgunmatur. Opin hús. Barnamessa í Félagslundu . Sölubásar. Andlitsmálun. Kökubasar. Dýrin á sínum stað. Polla Pönk. Þjóðbúningar úr ýmsum áttum. Hlaupa (ganga)Neistastaðahringinn. Kaffihlaðborð. Messa í Hraungerði. Þjóðdansasýning og mikill söngur á kvöldvökunni. Nánari dagskrá kemur í vikublaðinu Dagskránni 24. maí og í næsta tölublaði Áveitunnar.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna .

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Á aðalfundi Búnaðarfélags Villingaholtshrepps þann 13. apríl s.l. var Kvenfélagi Villingaholtshrepps færður afreksbikar Búnaðarsambands Suðurlands fyrir störf sín í þágu samfélagsins. Okkur er það sönn ánægja að taka við þessari viðurkenningu sem hlýjar okkur um hjartarætur , og eflir enn frekar þann góða starfsanda sem ríkir í kvenfélaginu okkar. Ég vil fyrir hönd kvenfélagsins þakka innilega fyrir þessa viðurkenningu.

Með kveðju
Valgerður Gestsdóttir.

Kæru sveitungar

Hjartans þakkir fyrir gjafir, kveðjur og hlýhug í minn garð á fimmtugsafmælinu 7. apríl sl.

Kær kveðja,
Einar H. Haraldsson, Urriðafossi.

Kettlingar og hvolpar óskast að láni

Óskum eftir að fá að láni smádýr til að hafa til sýnis á Fjör í Flóa og jafnvel endur og gæsir .

Það gleður alltaf börnin að sjá dýrin stór og smá. Hafið samband við Ingu í síma 691-7082.

Fermingarmessur vorið 2012

Hraungerðiskirkja:

Fermingarmessa á hvítasunnudag, 27. maí kl. 13.30

Fermdur verður Sigurður Andri Jóhannesson, Stóra-Ármóti

Fermingarmessa sunnudaginn 24. júní kl.13.30

Fermdir verða Daniel Örn Antonsson og Eyþór Arnar Antonsson, Krummahólum 41, Reykjavík.

Laugardælakirkja

Fermingarmessa á uppstigningardag, fimmtudaginn 17. maí kl.13.30

Fermd verður Hanna Kristín Ólafsdóttir, Tindum.

Villingaholtskirkja

Fermingarmessa annan hvítasunnudag, 28. maí kl.13.30.

Fermdir verða Þorgils Kári Sigurðsson Kolsholti og Ægir Atlason Skálarima.

Gaulverjabæjarkirkja

Fermingarmessa verður á Hvítasunnudag 27. maí kl. 14:00.

Fermd verður Arndís Hildur Tyrfingsdóttur Ljónsstöðum.

Frá Flóaskóla

Lokasprettur skólaársins er hafinn. Framundan eru próf og uppgjör, vorferðir, útskrift 10. bekkinga og skólaslit. Auk þess undirbúningur næsta skólaárs sem alltaf tekur nokkurn tíma. Fljótlega verða gefnar út endurskoðaðar námskrár, nýtt skóladagatal og starfsáætlun fyrir nýtt skólaár.

Nemendur í unglिंगadeild fengu fræðslu frá samtökunum „Blátt áfram“ í apríl en samtökin berjast gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Nemendur í 5.-10. bekk og foreldrar þeirra fengu einnig forvarnarfræðslu frá „Marita“. Hvoru tveggja mjög erfiðir málaflökkar en engu að síður nauðsynlegt að tala um málin og fræða börn og unglिंगa um rétt sinn, hvernig hægt er að standa með sjálfum sér og segja nei við þeim hættum sem að okkur geta steðjað.

Vorskólavíka verðandi 1. bekkinga er framundan. Börnin munu koma 5 daga í skólann og fylgja stundaskrá. Vorskólavíkan er lokahnykkurinn á góðu samstarfi leik- og grunnskóla sem snýr að aðlögun barnanna að nýju skólástigi. Í vorskólavíkunni fá nemendur m.a. kennslu í list- og verkgreinum, fá að koma í skólann með skólabil, fara í frímínútur og borða í mötuneytinu. Þetta er alltaf skemmtilegur og spennandi tími. Í dag eru 10 nemendur skráðir í þennan árgang, 8 stelpur og 2 strákar.

Skólahjúkrunarfræðingurinn okkar hún Ólöf kemur í skólann 7. maí og sinnir þá bólusetningum í 7.-8. bekk. Foreldrar munu fá tölvupóst frá skólanum áður en að því kemur. Skólaslit Tónlistarskóla Árnesinga í Flóaskóla verða haldin þriðjudaginn 22. maí en þá munu margir af nemendum skólans koma fram ásamt tónlistarkennurum sínum. Skólamyndir voru teknar af öllum nemendum og starfsfólki í apríl og verða þær afgreiddar fyrir skólalok.

Nokkrir nemendur okkar hafa verið að standa sig vel á íþróttamótum, m.a. í skólaláþríbraut Frjálsíþróttasambandsins og á grunnskólamóti í glímu. Það er gaman hvað skólinn á marga duglega íþróttamenn og við óskum þeim innilega til hamingju með góðan árangur.

Einhverjar breytingar verða á stundatöflum nemenda í lok maí vegna vorferða og útináms. Foreldrar eru beðnir að fylgjast vel með tölvupóstum og tilkynningum á heimasíðu skólans þar sem rafræni samskiptamátinn er fljótlegur og einfaldur og notaður til að koma upplýsingum frá skóla til heimila.

Breytingar verða frá og með haustinu en þá tekur nýr skólastjóri til starfa við skólann. Ég sótti um ársleyfi frá störfum og hef fengið það samþykkt hjá sveitarstjórn. Ég ætla að takast á við ný verkefni og nýjar áskoranir og nota næsta árið til að taka ákvarðanir um framhaldið. Ég hef starfað við skólann frá stofnun hans eða í 8 ár. Þetta hafa verið skemmtileg og gefandi ár en einnig mikil vinna og álag á köflum. Ég hef sterk tengsl við skólann enda búin að stýra honum frá upphafi – en nú eru spennandi tímar framundan og ég óska þess að Flóaskóli haldi áfram að blómstra með heill og hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Bestu kveðjur,
Kristín Sigurðardóttir skólastjóri,
kristin@floaskoli.is , gsm 663-5720.

SLEIFIN-KVÖLDVAKA

Komið er að hinni árlegu kvöldvöku 3ja kvenfélaga í Flóahreppi.

Á dagskrá er spennandi fyrirlestur sem Ingunn Jónsdóttir hönnuður heldur um rýmishönnun og heimilispælingar " Hvað gerir hús að heimili"

Kaffiveitingar og lætt sprell.

Kvöldvakan er haldin í Þingborg fimmtudaginn 10 maí kl.21.

Hvetjum konur til að mæta og eiga saman skemmtilega kvöldstund !!

Skemmtinefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps

Sölubásar á Fjöri í Flóa 2. og 3. júní

Hafið samband við Diddu 899-9684 og Ingu 691-7082.

„Bílskúrssala“ laugardaginn 5. maí kl. 13-16

Komið og kíkið - allt á að fara ☺

Dæmi um það sem er til sölu:

- Leikföng – alls konar ☺
- Reiðhjól 16 tommu (hvítt, bleikt og rautt)
- Fjölpjálfi
- Frystikista
- „Koja fyrir einn“ (90x200 – bara dýna uppi, leikpláss eða geymslupláss undir)
- Línuskautar – 3 pör, stærðir 37, 39, 44
- Gömul skíði, skór og stafir
- Sundbolir fyrir litlar stelpur
- „Regnhlífakerra“ fyrir ca 6mán – 4 ára. Létt, einföld og meðfærileg, góð í bæjarferðir
- Barnavörur, t.d. ömmustóll, burðarrúm f. ungabarn og rugguhestur (f. ca 1-2 ára)
- Little tikes útibíll (þessi rauði með foreldrastönginni)
- Fatnaður og skór, t.d. útiföt á krakka og fimleikabolir, sumarjakkar, skór, kuldaskór, gönguskór, fótboltskór í ýmsum stærðum
- Jakkaföt á 2-3 ára strák (jakkaföt, skyrtu, bindi, belti)
- Ferðatöskur, nokkrar stærðir
- Hellingur af skrapp dóti (blöð, albúm, skraut, límmiðar, pennar, stimplar, gatarar o.fl.)
- Minniháttar búsáhöld – t.d. kaffikanna og alls kyns smávarningur ☺

Fáið ykkur rúnt og skoðið - Kaffi á könnunni og svaladrykkur fyrir krakkana!

**Skólatröð (við hliðina á Flóaskóla)
sími 554-5700 / gsm 663-5720.**

Fjár sjóðir á bæjunum í Flóahreppi?

Gaman væri að stilla upp við Þingborg á Fjöri í Flóa gömlum bílum, vélum og tækjum til sýnis fyrir gesti og gangandi. ÁSTAND SKIPTIR EKKI MÁLI. Drögum nú fram eitthvað sem liggur bak við bæ og leyfum fleirum að sjá ☺.

Hafið samband við Sigmar 6968653 eða Helga 8929872.

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.

Frá okkur er allt gott að fréttu enda vorið komið með tilheyrandi ilmi um Flóann okkar. Við njótum þess að vera úti enda sólin farin að láta sjá sig og hlýnar með hverjum deginum.

Bangsadeild fékk smá andlitslyftingu um daginn og hún Kristín á Hurðarbaki var svo elskuleg að sauma fyrir okkur púðaver og gardínukappa sem má sjá inni á deild. Tókst þetta ljómandi vel hjá henni og færum við Kristínu bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Starfsdagur kennara var 10. apríl og fór starfsfólk á höfuðborgarsvæðið til að kynna sér starfsemi tveggja leikskóla. Sá fyrri sem við sáum er ungbarnaleikskólinn Ársól en hann er heilsuleikskóli sem rekinn er af Skólum ehf. Okkur fannst mjög áhugavert að sjá starfsemi þeirra og áherslur í starfi og fengum margar góðar hugmyndir sem við getum nýtt okkur frá þeim. Seinni leikskólinn sem við heimsóttum var Stekkjarás í Hafnarfirði sem er rekinn af Hafnarfjarðarbæ. Þar fengum við örnámskeið í myndlist með börnum þar sem verðlaus efniviður er nýttur í skapandi starf. Mjög skemmtilegt og margar hugmyndir kviknuðu þar líka. Sannarlega skemmtilegur starfsdagur sem nýttist vel.

Nú fer vorskóli elstu barna leikskólans að hefjast en þá munu börnin fara í Flóaskóla í 5 virka daga og taka þátt í því skólastarfi sem börnin í 1.bekk eru að fást við. Þau munu m.a. fara í smíði, heimilisfræði, íþróttir, textíl og fleira ásamt því að fást við bóklegt nám. Þau munu einnig prufa skólabíla og matsalinn. Er þetta liður í því góða samstarfi sem ríkir á millil Flóaskóla og Krakkaborgar.

Foreldrakönnun hefur verið send út og munum við vinna úr henni á næstu vikum. Við kynnum ykkur niðurstöður hennar í næsta fréttabréfi.

Undirbúningur næsta skólaárs er í fullum gangi. Við hvetjum þá íbúa Flóahrepps sem ætla sér að sækja um vistun fyrir barn í leikskólanum næsta skólaár að sækja um sem fyrst eða [eigi síðar en 7. maí](#). Hægt er að sækja um á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn.is/krakkaborg undir tenglinum – *Um leikskólann/leikskólaumsókn*.

Matráðurinn okkar hann Jeff hefur fengið ársleyfi frá störfum. Við þökkum honum fyrir samstarfið og óskum honum velfarnaðar í starfi á öðrum vettvangi.

Bestu kveðjur úr Krakkaborg

Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps 2012

Tæki staðsett í Forsæti, Kristján s: 862-7532

Málningarsprautu	500 kr/klst
Flaghefill	500 kr/klst
Hagasláttuvél	2000 kr/klst
Sturtuvagn	5000 kr/dag
Steypuhrærivél	200 kr/fyrstu 30 pokar
Topplyklasett	Frítt

Tæki staðsett í Syðri-Gróf, Bjarni s: 846-3411

Fjaðraherfi	1500 kr/ha
Plógur 4skeri	2500 kr/ha
Haugsuga	1800 kr/ha
Tætari	2800 kr/klst
Mykjuskrúfa 7m	2000 kr/klst
Mykjuskrúfa gamla	2000 kr/klst

Tæki staðsett á Hurðarbaki, Reynir s 898-0929

Þvottatæki	1500 kr/dag
Valtari	2000 kr/ha
Staurabor	500 kr/klst
Plógur 5skeri	3000 kr/ha
Pinnatætari	3000 kr/ha
Raðsáningarvél	2500 kr/ha

Vakin er athygli á því að félagið hefur fest kaup á nýrri Pöttinger raðsáningarvél. Vélin er 3 metra breið og þykir afar einföld í notkun.

Munið af ganga vel um tæki félagsins og skila þeim hreinum og nýsmurðum.

Tækjalisti Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps 2012

Umsjónarmaður Þorsteinn Syðri-Velli sími: 4863377

Stór valtari	1500 kr/ha
Hnífaherfi	1800 kr/ha
Hestakerra	1700 kr/klst
Haugsuga	1500 kr/klst
Fjaðraherfi	1800 kr/klst
Pinnatætari	2400 kr/klst
Talía og gálgi ekkert gjald	

Umsjónarmaður Bragi Selparti sími: 6996566

Diskaherfi	2900 kr/ha
Samson dreifari	2400 kr/klst
Vendiplógur	2400 kr/ha
Lítill valtari	500 kr/ha

Umsjónarmaður Bjarni Syðri Gróf sími: 8463411

Haughræra	2000 kr/klst
-----------	--------------

Tækjalisti Búnaðarfélags Hraungerðishrepps

Umsjónarmaður tækja er Gísli Hauksson s. 899-4017

Mikilvægt er að skila tækjum hreinum og ný smurðum.

Pinnatætari	3000,- ha
Diskaherfi	2500,- ha
Plógur 4 skeri	2500,- ha
Plógur 5 skeri	3500,- ha
Sáðvél	2500,- ha
Valtari	2000,- ha
Hnífaherfi	1500, ha
Skeljasandsdreifari	800,- pr tonn
Úðadæla	1500,- ha
Málningarsprauta	3000,- á dag
Flaghefill	1000,- á dag
Flaghefill á grind	frítt
Snitttæki	frítt

Keyptur hefur verið taðdreifari með Búnaðarfélagi Sandvíkurhrepps, tækið er tilvalið til að dreifa hálm- og hrossaskít. Hann er staðsettur í Smjördölum ásamt grjótrakstrarvélinni.

Umsjónarmaður Grétar Sigurjónsson s. 858-7736.

Taðdreifari	8000,- á dag
Grjótrakstrarvél	3000,- ha

Ath. áframhaldandi samvinna er á milli Búnaðarfélags Hraungerðis- og Villingaholtshrepps .

Stjórnin.

Hlaupaæfing á Selfossi (Taka tvö)

Þann 3. maí verður sérstök hlaupaæfing á nýja frjálsíþróttavellinum á Selfossi fyrir 13 ára og eldri. Æfingin hefst kl 20:00 og henni er lokið kl 21:30. Við vonumst til þess að allir sem ætla sér að keppa fyrir hönd Þjótanda í sumar sjái sér fært að mæta og bæta bæði snerpu, þol og hlaupastíl. Í lok æfingarinnar verður svo farið í einhverjar kastgreinar

Þjálfari

Tek að mér afleysingar og aðstoða bændur við ýmis verk.
Upplýsingar í síma 865-7001.

Einar Magnússon

Vorfundur Vöku

Miðvikudaginn 30. maí verður vorfundur Vöku haldinn í Þjósárverri kl 20:30. Allir velkomnir að taka þátt í fjörlegum umræðum um starf félagsins í sumar og gæða sér á léttum veitingum. Vonumst til að sjá sem flesta!

Stjórnin

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Vorfundur Kvenfélagsins verður haldinn í Þingborg 30.maí kl.20.30. Á dagskrá verða venjuleg fundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Kaffikonur eru: Anna Margrét, Ásdís, Elínborg, Helga Baldurs, Margrét Einars, Margrét Kristins og Ingibjörg Einarsdóttir.

Þær konur sem vilja gefa á tombólu vegna fjörs í Flóa komi með muni á fundinn.

Frá UMF Baldri:

Reiðtúr/fjölskyldudagur í Einbúa

Stjórn og skemmtinefnd Umf. Baldurs ætla laugardaginn 26. maí að standa fyrir skemmtidegi á hinu fallega útivistarsvæði félagsins, Einbúa, ef veður leyfir. Fólk er hvatt til að mæta ríðandi. Farið verður í leiki og grillaðar pylsur.

Hreinsunardagur í Einbúa

Stefnt er að halda hreinsunardag í Einbúa líkt og undanfarin ár í byrjun júní, fyrir 17. júní, þar sem verður haldið áfram að hlúa að okkar glæsilega útivistar- og íþróttasvæði. Nánar auglýst síðar.

Páskahraðskákmót Umf. Baldurs

Að kvöldi annars í páskum, þann 9. apríl síðastliðin hélt Umf. Baldur páskahraðskák í Þingborg. Fjölmargir skákmenn mættu og tóku þátt. Tefld er hraðskák og tefla allir við alla. Þannig fór svo að lokum Ingvar Örn Birgisson frá Selfossi hafði sigur með 9 og hálfan vinning.

Æfingar í Einbúa

Íþróttæfingar verða einu sinni í viku í Einbúa í allt sumar ef og á meðan nógu margir mæta. Verið er að vinna í því að ráða þjálfara fyrir sumarið og verða æfingar auglýstar betur þegar það er ljóst hver muni þjálfa. Þær munu síðan hefjast mjög fljótlega eftir að æfingunum inni lýkur og verður boð út látið ganga hvenær það verður. Fylgist með á Facebook. Þá er einnig stefnt að því að vera reglulega með æfingar á Selfossvelli, sér í lagi þegar líður að mótum.

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáið fréttirnar beint í æð.

Víðavangshlaup Vöku var haldið á sumardaginn fyrsta 19. apríl 2012. 69 manns tóku þátt í ágætu veðri. Sigurvegarar urðu frændsystkinin Þorgils Kári Sigurðsson og Sólveig Jóhannesdóttir Larsen og hlutu þau farandverðlaunagripi til varðveislu næsta árið.

Úrslit urðu þessi:

1. Þorgils Kári Sigurðsson	5:38 mín.	36. Freyja Kristín Guðjónsdóttir	12:22 mín.
2. Örvar Rafn Hlíðdal	5:44 mín.	37. Hjalti Geir Jónsson	12:42 mín.
3. Eyþór Jónsson	6:03 mín.	38. Kolfínna Sjöfn Ómarsdóttir	12:43 mín.
4. Sólveig Jónhannesdóttir Larsen	6:16 mín.	39. Guðsteinn Frosti Hermundsson	12:45 mín.
5. Karl Valur Guðmundsson	6:21 mín.	40. Guðbergur Davíð Ágústsson	13:00 mín.
6. Dagur Fannar Einarsson	6:35 mín.	41. Anna Guðbergsdóttir	13:27 mín.
7. Jón Þór Pálsson	6:37 mín.	42. Pétur Þór Brynjólfsson	13:28 mín.
8. Guðmunda Ólafsdóttir	6:53 mín.	43. Kolbrún Berglind Grétarsdóttir	13:34 mín.
9. Anna Kristín Kristjánsdóttir	7:03 mín.	44. Aldís Tanja Söndrudóttir	13:53 mín.
10. Jóann Páll Smáráson	7:09 mín.	45. Ólafur Veigar Kárason	15:03 mín.
11. Ýmir Atlason	7:13 mín.	46. Guðbjörg Hulda Einarisdóttir	15:03 mín.
12. Sæþór Atlason	7:23 mín.	47. Einar Hermundsson	15:04 mín.
13. Hulda Kristjánsdóttir	7:32 mín.	48. Elizabeth Karen Guarino	15:11 mín.
14. Sigurbjörg Eva Ernudóttir	7:30 mín.	49. Guðbjörg Gestsdóttir	15:12 mín.
15. Elías Þráinsson	7:30 mín.	50. Eyrún Sif Elíasdóttir	15:14 mín.
16. Unnsteinn Reynisson	8:16 mín.	51. Erna Jóhannesdóttir	15:16 mín.
17. Sigurður Jefferson Guarino	8:45 mín.	52. Kristín Sigurðardóttir	15:30 mín.
18. Unnur Bjarkadóttir	8:54 mín.	53. Ólöf Vala Heimisdóttir	15:36 mín.
19. Laufey Einarisdóttir	9:04 mín.	54. Sigrún Helgadóttir	15:36 mín.
20. Sigurjón Reynisson	9:12 mín.	55. Heimir Rafn Bjarkason	15:36 mín.
21. Jón Finnur Ólafsson	9:25 mín.	56. Helgi Reynisson	16:10 mín.
22. Ólafur Þór Jónsson	9:25 mín.	57. Reynir Þór Jónsson	16:12 mín.
23. Margrét María Ágústsdóttir	9:47 mín.	58. Arnór Leví Sigmarsson	18:48 mín.
24. Daði Kolviður Einarsson	10:05 mín.	59. Sigmar Örn Aðalsteinsson	18:49 mín.
25. Lilja Böðvarsdóttir	10:07 mín.	60. Kristín Björk Ólafsdóttir	19:12 mín.
26. Katy Krentel	10:18 mín.	61. Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir	19:12 mín.
27. Sigurjón Óli Ágústsson	11:21 mín.	62. Kristín Tómasdóttir	19:13 mín.
28. Marta Brynjólfsdóttir	11:26 mín.	63. Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	19:26 mín.
29. Hanna Einarisdóttir	11:29 mín.	64. Sandra Dís Sigurðardóttir	19:26 mín.
30. Sævar Larsen	12:04 mín.	65. Aðalsteinn Sveinsson	19:26 mín.
31. Skúli Larsen	12:06 mín.	66. Sveinn Þórarinsson	19:26 mín.
32. Rannveig Skúla Guðjónsdóttir	12:06 mín.	67. Silja Lind Jónsdóttir	19:37 mín.
33. Soffía Náttól Andradóttir	12:10 mín.	68. Jón Örn Albertsson	19:37 mín.
34. Kristján Gestsson	12:10 mín.	69. Hlynur Helgi Jónsson	19:43 mín.
35. Kolbrún Katla Jónsdóttir	12:10 mín.		

Flóahlaup Samhygðar

Flóahlaupið fór fram laugardaginn 14. apríl í sérstöku blíðskaparveðri. Alls hlupu 102, þar af 56 10 km, 32 5 km og 14 3 km. Helstu úrslit urðu eftirfarandi:

3 km strákar 14 ára og yngri

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	10:19	Reynir Zoëga Geirsson	1999	Breiðablik
2	13:10	Árni Veigar Thorarensen	1997	Hamar
3	13:11	Daði Arnarson	1999	Fjölnir

3 km stelpur 14 ára og yngri

1	13:31	Hlín Heiðarsdóttir	1999	Fjölnir
2	13:43	Vilhelmína Þór Óskarsdóttir	1998	Fjölnir
3	14:38	Hafdís Rós Jóhannesdóttir	1998	Fjölnir

5 km opinn flokkur karla

1	16:24	Kristinn Þór Kristinsson	1989	Samhygð
2	20:31	Stígur Zoëga	1994	Breiðablik
3	21:21	Daníel Hans Erlendsson	1997	Breiðablik

5 km opinn flokkur kvenna

1	24:21	Irma Gná Jóngeirsdóttir	1997	Hádegisskókk
2	24:57	Halldóra Markúsdóttir	1987	Samhygð
3	25:06	Jóhanna Eiríksdóttir	1962	Laugaskókk

10 km karlar

1	33:48	Björn Margeirsson	1979	UMSS
2	34:05	Tómas Zoëga Geirsson	1993	ÍR
3	36:54	Ívar Trausti Jósafatsson	1961	Árbæjarskókk

10 km konur

1	40:58	Eva Margrét Einarsdóttir	1971	ÍR
2	45:17	Elisabet Margeirsdóttir	1985	Ármann
3	45:51	Líney Pálsdóttir	1989	Hamar

Heildarúrslit má nálgast á hlaup.is.

Að hlaupinu loknu var drukkið kaffi og veitt verðlaun í Félagslund. Harpa Dís Hákonardóttir afhenti verðlaun en hlaupið í ár var minningarhlaup um Unni Stefánsdóttur móður Hörpu. Öllum þeim sem unnu við hlaupið með einum eða öðrum hætti eru þökkun góð störf. Styrktaraðilum er einnig þakkað fyrir sitt framlag en MS Selfossi gaf vörur til hlaupsins en eftirtaldir gáfu verðlaun:

VÍS, Fossdekk, Lögmenn Suðurlandi, Flóahreppur og TM.

Þingborgarmótið, 1. maí 2012-úrslit

10 ára og yngri hnáttur

Langstökk án atr.

1. Margrét I. Ágústsdóttir 1,43 m
2. Lára Bjarnadóttir 1,29 m
3. Sigríður Svanhvít Magnúsd. 0,59 m

Kúluvarp 2 kg

1. Margrét I. Ágústsdóttir 2,91 m
2. Lára Bjarnadóttir 2,82 m

10 ára og yngri hnokkar

Langstökk án atr.

1. Sæþór Atlason 1,84 m
2. Dagur Fannar Einarsson 1,76 m
3. Unnsteinn Reynisson 1,66 m
4. Einar Skeggjason 1,55 m
5. Sigurjón Reynisson 1,47 m
6. Hjalti Geir Jónsson 1,31 m
7. Daði Kolviður Einarsson 1,22 m
8. Benjamín M. Magnússon 1,09 m
9. Helgi Reynisson 0,69 m

Kúluvarp 2 kg

1. Dagur Fannar Einarsson 5,70 m
2. Sæþór Atlason 5,32 m
3. Unnsteinn Reynisson 4,69 m
4. Einar Skeggjason 3,71 m
5. Daði Kolviður Einarsson 3,41 m
6. Sigurjón Reynisson 3,37 m
7. Hjalti Geir Jónsson 2,12 m
8. Benjamín M. Magnússon 1,97 m
9. Helgi Reynisson 1,28 m

11-12 ára stelpur

Langstökk án atr.

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir 1,57 m

Kúluvarp 2 kg

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir 5,91 m

Hástökk

1. Kolbrún Katla Jónsdóttir 1,05 m

11-12 ára strákar

Langstökk án atr.

1. Guðmundur H. Ágústsson 2,11 m
2. Stefán Narfi Bjarnason 2,03 m
3. Matthías Bjarnason 1,49 m
4. Jónatan Magnússon 1,45 m

Kúluvarp 3 kg

1. Stefán Narfi Bjarnason 7,89 m
2. Matthías Bjarnason 6,36 m
3. Guðmundur H. Ágústsson 6,06 m
4. Jónatan Magnússon 5,52 m

Hástökk

1. Guðmundur H. Ágústsson 1,30 m
2. Stefán Narfi Bjarnason 1,20 m
3. Matthías Bjarnason 1,00 m
4. Jónatan Magnússon 0,90 m

13-14 ára telpur

Langstökk án atr.

1. Eyrún Gautadóttir 2,05 m
2. Sunna Skeggjadóttir 2,00 m

Kúluvarp 2 kg

1. Sunna Skeggjadóttir 8,95 m
2. Eyrún Gautadóttir 6,89 m

Hástökk

1. Eyrún Gautadóttir 1,20 m
2. Sunna Skeggjadóttir 1,15 m

Þrístökk án atr.	
1. Sunna Skeggjadóttir	5,72 m
2. Eyrún Gautadóttir	5,40 m

13-14 ára piltar

Langstökk án atr.	
1. Hólmar Höskuldsson	1,91 m
2. Hannes Höskuldsson	1,90 m

Kúluvarp 3 kg	
1. Hannes Höskuldsson	7,46 m
2. Hólmar Höskuldsson	7,06 m

Hástökk	
1. Hannes Höskuldsson	1,25 m
2. Hólmar Höskuldsson	1,05 m

Þrístökk án atr.	
1. Hannes Höskuldsson	5,83 m
2. Hólmar Höskuldsson	5,50 m

15-16 ára sveinar

Langstökk án atr.	
1. Jón Þór Pálsson	2,32 m
2. Jóann Páll Smáráson	2,06 m

Kúluvarp 4 kg	
1. Jón Þór Pálsson	8,59 m
2. Jóann Páll Smáráson	7,05 m

Hástökk	
1. Jóann Páll Smáráson	1,30 m
2. Jón Þór Pálsson	1,30 m

Þrístökk án atr.	
1. Jón Þór Pálsson	6,29 m
2. Jóann Páll Smáráson	6,25 m

Í stigakeppni félaga urðu úrslitin þessi:

1. Umf. Baldur	123 stig
2. Umf. Vaka	98 stig
3. Umf. Skeiðamanna	51 stig

Vormót Umf.Þórs Sunnudaginn 6. maí

Umf. Þór í Þorlákshöfn býður upp á skemmtilegt mót þar sem leikgleðin verður í fyrirrúmi. Þetta mót er góð æfing fyrir sumarið og tilvalið fyrir þá krakka sem vilja bæta sig í sínum greinum. Skráning verður á staðnum og keppnin fer fram bæði inni í íþróttahúsinu og úti á íþróttavellinum svo það er nauðsynlegt að hafa með sér bæði inni og útiíþróttaföt. Mótið er frá kl. 10:00 -14:00 og tilvalið fyrir fjölskyldur að skella sér í sund á eftir.

-10 ára og yngri keppa í skutlukasti, kúluvarpi og 60m hlaupi.

-11-14 ára keppa í hástökki, kúluvarpi, 60m hlaupi og 800m hlaupi

-15ára og eldri keppa í hástökki, kúluvarpi, 100m hlaupi, 400m hlaupi og 3000m hlaupi.

Greinar sem fara fram inni eru skutlukast, kúluvarp fyrir 10 ára og yngri og hástökk allur aldur.

Svo fá allir grillaðar pylsur og djús að móti loknu.

Tilkynning frá Umf. Þór

Glimufréttir

Nú er æfingatímabilinu lokið hjá glímufólki Þjótanda. Þjálfari vill þakka þeim sem stunduðu æfingar í vetur fyrir dugnað og góða ástundum.

Lokahnykkurinn á vetrarstarfinu var mánudagskvöldið 23. apríl þegar glímd var Bikarglíma Samhygðar í Félagslund. Keppt var í þremur aldursflokkum og einum blönduðum opnum flokki en ekki voru veitt sérstök verðlaun fyrir þann flokk. Glimustjórn og dómgæsla var í höndum Stefáns Geirssonar. Að lokinni glímunni voru veitt verðlaun í hverjum flokki en glímukempan og tífoldur skjaldarhafi Skarphéðins, Sigurður Steindórsson frá Haugi, afhenti verðlaun en hann og Hafsteinn bróðir hans sem einnig átti farsælan glímuférl voru áhorfendur að mótinu ásamt fleirum. Úrslit urðu eftirfarandi:

Strákar yngri flokkur

1. Logi Viðarsson 2 v.
- Ágúst Þorsteinsson 0 v.

Strákar eldri flokkur – Bikarglíma

1. Þorgils Kári Sigurðsson 2. v.
- Jón Gunnþór Þorsteinsson 0. v.

Stelpu – Bikarglíma

1. Guðrún Inga Helgadóttir 1 + 1 v.
- Hanna Kristín Ólafsdóttir 1 + 0 v.

Opinn flokkur

1. Þorgils Kári Sigurðsson 3 v.
2. Guðrún Inga Helgadóttir 2 v.
3. Jón Gunnþór Þorsteinsson 1 v.
- Hanna Kristín Ólafsdóttir 0 v.

Framúrskarandi árangur á Ísafirði

Grunnskólamót Íslands, Sveitaglíma Íslands 16 ára yngri og Íslandsglíman fóru fram á Ísafirði 14. apríl. Keppendur Þjótanda gerðu frábæra ferð vestur og unnu allir til gullverðlauna í eitt eða fleiri skipti. Úrslit urðu eftirfarandi:

Grunnskólamót Íslands

Hanna Kristín Ólafsdóttir sigraði í 8. bekk en þar voru fjórir keppendur. Guðrún Inga Helgadóttir sigraði í 9. bekk en hún var þar eins skráð til leiks en keppti sem gestur í 10. bekk. Jón Gunnþór Þorsteinsson sigraði í 8. bekk stærri þyngdarflokk en hann atti

kappi í við fjóra.

Þorgils Kári Sigurðsson sigraði í 8. bekk léttari þyngdarflokk en hann keppti sömuleiðis við fjóra.

Sveitaglíma 16 ára og yngri

Rúna og Hanna höfnuðu í öðru sæti með sveit HSK í flokki 15-16 ára en þar kepptu tvær sveitur.

Jón og Þorgils voru í sigursveit HSK í flokki 13-14 ára stráka en þar kepptu fjórar sveitir.

Íslandsglíman

Marín Laufey Davíðsdóttir keppti í Íslandsglímunni í annað sinn og sigraði örugglega á fullu húsi vinninga en hún glímdi við fimm keppinauta. Þar með varði Marín titillinn síðan í fyrra og varðveitir hún Freyjumenið næsta árið.

Flóðgáttin

Flóðgáttin hefur opnast eftir langt hlé og verðar það vonandi hvatning til lesenda að senda inn yrkingar sínar. Eftir lestur fréttu af vegamálum sveitarinnar í síðastu Áveitu, urðu til hjá Geir í Gerðum þrjár vísur sem birtast hér auk stöku um vorkomuna.

Þjóðvegur 305

Villingaholtsveginn er verið að laga verður nú sléttur og beinn. Íbúar sextíu í sveitinni klaga segja þar búi víst einn.

Þeir sjá aðeins þúfurnar heima þannig er mannsins sál.
Ráðlausir láta sig ráðamenn teyma rumska við klögumál.

Samvinna og samhjálp er sífellt sólarmeginn.
Ferðamaður sem um Flóann fer fær að nota veginn.

Vor

Liðinn er hálf leiður vetur
nú lifnar allt við vorsins sól.
Grær þá allt sem gróið getur
grænkar skjótt við laut og hól.

Dagskrá mánaðarins

Hlaupaæfing á Selfossvelli	3. maí
Bílskúrssala í Skólatröð	5. maí
Vormót Umf. Þórs	6. maí
Æfing eldri	8. maí
Æfing yngri	9. maí
Kvöldvaka kvenfélaganna	10. maí
Æfing eldri	15. maí
Æfing yngri	16. maí
Fermingarmessa í Laugardælakirkju	17. maí
Útiæfingar hefjast við Þjórsárver	22. maí
Æfing yngri	23. maí
Fjölskyldudagur í Einbúa	26. maí
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	27. maí
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	27. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	28. maí
Skila efni í næstu Áveitu	28. maí
Æfing við Þjórsárver	29. maí
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	30. maí
Vorfundur Umf. Vöku	30. maí
Fjör í Flóa	1.-3. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160